

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Austurbyggð.

Deiliskipulagsbreyting við Hlíðargötu 68-82 og Skólaveg 98-112 á Fáskrúðsfirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Austurbyggðar þann 4. maí 2006 samþykkt deiliskipulagsbreytingu við Hlíðargötu og Skólaveg á Fáskrúðsfirði. Deiliskipulagsbreytingin er sett fram á uppdrætti með greinargerð í mkv. 1:1000 og nær til lóðar númer 68-82 við Hlíðargötu og lóðar númer 98-112 við Skólaveg. Breytingin felur í sér að heimilað er að byggja átta íbúðir í tveimur raðhúsum á hvorri lóð.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Deiliskipulagsbreyting við Hafnargötu 1 á Fáskrúðsfirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Austurbyggðar þann 4. maí 2006 samþykkt deiliskipulagsbreytingu á lóð við Hafnargötu á Fáskrúðsfirði. Deiliskipulagsbreytingin er sett fram á uppdrætti með greinargerð í mkv. 1:1000 og nær til lóðar númer 1 við Hafnargötu. Í breytingunni felst að lóð Fiskimjölsverksmiðju er stækkuð um 4.000 m² til austurs.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Fáskrúðsfirði, 22. maí 2006.

Steinþór Pétursson, sveitarstjóri Austurbyggðar.

B-deild – Útgáfud.: 9. júní 2006